

LAGNIR

MÁNUDAGUR 24. FEBRÚAR 2014

Hjálparstarf

Hjálparstofnun kirkjunnar hefur í áratugi unnið að byggingu vatnspróa í Afríku þar sem hreint vatn skortir.

Er stíflað?

Valur Helgason ehf. annast stíflulosun, röramyndatökur, rótarfræsinguog ým islegt annað sem viðkemur frárennislögnum.

Ástandsskoðun og fóðring lagna

Proline er leiðandi á sviði innan-húsfóðringa og sér meðal annars um að fóðra gamlar skólplagnir.

Hreint vatn bætir lífsafkomu

Hreint vatn er ekki sjálfsgæður hlutur alls staðar í heiminum. Hjálparstofnun kirkjunnar hefur í áratugi unnið að byggingu vatnsþróa í Afríku þar sem hreint vatn skortir. Verkefni eru unnin í nánú samstarfi við heimamenn og staðaryfirvöld.

Nú stendur yfir verkefni í Austur-Eþíópíu þar sem við byggjum vatnsþræ sem safna rigningavatni. Það verkefni hefur staðið yfir í sjö ár og heldur áfram, en í Afríku hafa vatnsverkefni af þessu tagi verið í gangi í meira en tuttugu ár,“ útskýrir Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.

Vatnsþrænar eru stórar gryfjur með steiptum hliðum og botni. Rigningarvatn rennur í þróna og dugir það sem safnast um það bil þrjá til fjóra mánuði inn í þurrkatímann. Tröppur eru



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, segir aðgang að hreinu vatni hafa margþætt áhrif á lífsgæði fólks.

ofan í þróna og er vatnið síðan sótt á brúsa og borið heim til daglegra nota. Þrænar eru opnar og vatnið getur því verið óhreint en íbúarnir geta keypt efni til að setja í vatnið, sem drepur bakteríur svo vatnið verði drykkjarhæft. Einnig eru handgrafnir brunnar niður á hreint lindarvatn sem er svo dælt upp borið heim í brúsum.

Bjarni segir verkefnið ávallt unnin í nánú samstarfi við íbúana á svæðinu og staðaryfirvöld. Sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi frá byrjun.

„Það er mikil samvinna alveg frá grunni. Heimamenn mynda sjálfir vinnuflokka og grafa vatnsþróna,

við útvegum verkfæri ef þarf og einnig fjármagn fyrir grjóti og sementi og öðru við bygginguna. Vatnsþróin er svo eign fólksins á svæðinu og á þeirra ábyrgð að halda henni við.“

Bjarni segir aðgang að hreinu vatni hafa margþætt áhrif á lífsgæði fólks. Hreint vatn verði ekki aðeins grunnur að bættri heilsu og hreinlæti heldur geti það jafnvel stuðlað að bættri menntun.

„Í mörgum þeirra landa sem við höfum unnið með er það skylduverk stúlkna og kvenna að sækja vatnið. Þegar um langan veg er að fara endist þeim ekki dagurinn til að sækja skólann. Þegar vatnsþró eða brunni hefur verið komið upp nálægt heimilunum tekur vatnsburðurinn styttri tíma og stúlkurnar geta sótt skólann.“

Hreint vatn gerir alla lífsafkomuna betri og gerir íbúunum til dæmis kleift að rækta grænmeti og halda dýr. Fræðsla um smitleiðir sjúkdóma tengda vatni er einnig hluti af verkefninu svo það vindur upp á sig á margan hátt.“



Vatnsþró í vinnslu í Eþíópíu. Heimamenn mynda vinnuflokka sem grafa þróna og steypa vegg og botn með fjárhagsaðstoð verkefnisins.



Rigningarvatn safnast í þróna og dugir þrjá til fjóra mánuði inn í þurrkatímann. Með sérstökum efnum er hægt að hreinsa vatnið svo það verði drykkjarhæft.

Margþætt og sérhæfð þjónusta

Valur Helgason ehf. hefur safnað mikilli reynslu og þekkingu á stíflulosun, röramyndatökum, rótarfæringsum og ýmsum öðrum þáttum er viðkoma frárennislögnum fyrirtækja, stofnana og heimila. Fyrirtækið byggir á fjórum grundvallarhugtökum, fagmennsku, þekkingu, trausti og lausnum.

Valur Helgason ehf. hefur verið starfrækt í um hálföld. Fyrirtækið ber nafn stofnanda síns en árið 2002 keyptu þau Ragnar Kummer og Þóra Björk Sigurþórsdóttir fyrirtækið. Ragnar hafði þá verið einn af lykilstarfsmönnum þess um árabil. „Þjónusta fyrirtækisins er margþætt en við sérhæfum okkur meðal annars í að fjarlægja stíflur, til dæmis úr eldhús- og baðvöskum, salernisrörum, baðkerum, niðurföllum, þaklögnum og drenlögnum auk fjölbættrar þjónustu við sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki,“ segir Ragnar.

Öflugur útbúnaður

Valur Helgason ehf. vinnur eingöngu með

fyrsta flokks tækjabúnað og eru starfsmenn fyrirtækisins vel tækjum búnir. „Fyrirtækið á nokkrar sérhæfðar bifreiðar með öflugum útbúnaði til stíflulosunar og fullkornustu röramyndavélar sem í boði eru á markaðnum. Allt frá örmáum vélum sem komast niður í eldhúsvaska yfir í stærstu gerðir sem mynda lagnakerfi sveitarfélaga. Vélarnar eru með staðsetningarbúnaði og dýptarmælum sem staðsetja bilanir, stíflur, falin niðurföll og þess háttar af mikilli nákvæmni,“ segir Ragnar.

Óháður aðili myndar rörin

„Að myndatökum loknum fá viðskiptavinir afhent stafræn myndbönd á minnislykli eða DVD disk með skýrum mynd-

skeiðum af lögnum. Slíkar myndir gera iðnaðarmönnum kleift að ganga hratt og örugglega fram í viðgerðum. Myndirnar nýtast einnig við samunburð á ástandskoðunum í framtíðinni. Hægt er að prenta út myndir af völdum stöðum ef þörf krefur.“

Fjögur grundvallarhugtök

Valur Helgason ehf. hefur um áratuga-skeið boðið fyrirtækjum lausnir sem uppfylla þarfir þeirra varðandi einstaka þætti í lagnakerfum þeirra. „Við erum einnig með í boði þjónustusamninga um víðtæka umsjón með lagnakerfum. Slíkir samningar hafa það að markmiði að auka öryggi, skilvirkni og fjárhagslega hagkvæmni til lengri tíma.“

Ragnar segir fyrirtækið byggja á fjórum grundvallarhugtökum, fagmennsku, þekkingu, trausti og lausnum. „Með þessum hugtökum að leiðarljósi grundvallar starfsfólks fyrirtækisins þjónustuna við viðskiptavinum.“

Stuttur biðtími

Fyrirtækið leggur áherslu á að bjóða stuttan biðtíma á höfuðborgarsvæðinu og að starfsfólkið beri virðingu fyrir eignum fólks, heimili og tíma.

Valur Helgason ehf. er til húsa að Gylfaflöt 13. Símar fyrirtækisins eru 568 8806 og 896 1100, netfangið er stifla@stifla.is.og nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess, stifla.is.



Er stíflað?

FJARLÆGJUM STÍFLUR

úr vöskum, salernisrörum, baðkerum, niðurföllum o.fl.

Röramyndavélar • Hitamyndavélar • Dælubíll
Þekking og áratuga reynsla

VALUR HELGASON ehf.
Sími 896 1100 & 568 8806 • www.stifla.is



Huga ber tímanlega að lögnum

Það getur sparað mikla fjármuni og mikið rask að huga tímanlega að ástandi lagna í húsbyggingum. Proline er leiðandi fyrirtæki hérlandis á sviði fóduringa lagna og þjónustar heimili, fyrirtæki og stofnanir.

Proline er leiðandi fyrirtæki hérlandis á sviði innanhúsfóðringa en fyrirtækið sér meðal annars um að fódra gamlar skólplagnir í byggingum. Fyrirtækið er dótturfélag Proline Group í Svíþjóð en samsteypan er með starfsemi í 11 löndum víða um heim. Proline á Íslandi var stofnað árið 2008 og hefur að sögn Stefáns Ólasonar framkvæmdastjóra yfir að ráða þremur fullbúnum fódringarbílum, myndunarbíl og bíl sem sér um stíflulosun. „Við sjáum meðal annars um á ástandsskoðanir og myndatökur á skólþum og frárennislögnum undir húsbyggingum. Við erum leiðandi í þessari þjónustu hér á landi og veitum bæði ódýra og góða þjónusta. Viðskiptavinir þurfa ekki að bíða lengi enda veitum við þjónustu okkar með stuttum fyrirvara.“

Starfsmenn Proline mæta á staðinn, mynda lagnir frá niðurföllum, klósettum eða eldhúsvöskum og meta þannig ástand lagna í byggingunni innan frá. „Gera má ráð fyrir að um 80-90% lagna í dag séu steinlagnir í húsbyggingum sem byggðar voru fyrir árið 1980. Þær endast í um það bil 40-50 ár og þá er yfirleitt komið að viðhaldi. Því má segja að viðhald lagna sé alls ekki bundið við gömul hús eða elstu hverfin. Nú fara til dæmis húsín í Árbæ og neðra Breiðholti að koma á tíma hvað varða viðhald. Fyrirbyggjandi viðhald skiptir nefnilega öllu máli, að gera eitthvað áður en það verður of seint og kostnaðurinn hleypur upp.“

Þjónustusamningar í boði

Proline hefur boðið viðskiptavinum upp á ástandsskoðanir en Stefán segir viðskiptavinum fyrirtækisins fá upptökur af lögnum og lýsingu á ástandi þeirra. Síðan leggur fyrirtækið fram tillögur að úrbótum og gefur tilboð í verkið ef á því þarf að halda. „Við bjóðum einnig fyrirtækjum, húsfélögum og stofnunum þjónustusamninga þar sem við sjáum um að viðhalda lagnakerfi þeirra. Þá komum við 2-12 sinnum á ári, allt eftir umfangi verkefnisins. Þá sinnum við að sjálfsgöðu öllum þeim verkefnum sem upp koma, bæði stórum og smáum.“

Stefán segir skipta öllu máli að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir og huga að viðhaldi með góðum fyrirvara. „Það er ekkert grín að skipta út skól- og frárennislisrörum sem felur í sér niðurbrot, mikið rask og jafnvel fjarveru frá heimilinu í tvær til fjórar vikur. Fóduringin sem við bjóðum upp á býður upp á að yfirleitt þarf enginn að flytja út á meðan. Þá vinnum við í lögnum milli kl. 8-17 og eftir það geta íbúar notað frárennisliskerfið eins og venjulega. Íbúar gista þá yfir nóttina og þurfa ekki að dvelja annars staðar meðan á verkinu stendur.“

Tvær aðferðir

Proline býður upp á tvær fódrunaraðferðir sem eru að sögn Stefáns skynsamlegustu leiðirnar til að endurnýja skól- og frárennislagnir. „Fyrst ber að nefna Proline-aðferðina sem er fljótandi fódrun þar sem fódringarefninu er sprautað inn í lagnirnar í þremur umferðum. Þannig myndast í raun nýtt rör inni í gömlu lögnum sem er á bilinu 3-5 millimetra þykkt. Hin aðferðin er Prosoc-aðferðin þar sem epoxy sokk er skotið inn í lagnirnar. Þetta er trefjahulsur sem skotið er inn með loftþrýstingi og myndar þannig nýtt rör. Í kjölfarið setjum við róbót inn til að skera fyrir lögnum svo allt renni rétta leið.“

Auk þess sér Proline einnig um endurnýjun drenlagna og sjá þá um alla jarðvinnu og frágang.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.proline.is.



Stefán Ólason, framkvæmdastjóri Proline Íslandi, með sýnishorn af fódraðri grein þar sem er blandað saman sokkafóðringu og fljótandi fódringu.

MYNDIR/GVA



Tæknimaður Proline undirbýr sokkafóðringu.



Ástandsskoðun og stíflulosun á lögnum er mikilvægur þáttur í þjónustu Proline.

MYNDIR/GVA



Sokkafóðring lokar fyrir skemmdir á lögnum. Víða í eldri húsum er mikið um göt og skemmdir á lögnum.



Proline býður upp á heildarlausnir í viðhaldi og viðgerðum á frárennislögnum.



LENGSTA OLÍULEIÐSLA HEIMS

Druzhba-olíuleiðslan er lengsta olíuleiðsla í heimi og einnig eitt stærsta olíuleiðslakerfi heims. Hún flytur olíu um fjögur þúsund kílómetra leið frá Rússlandi í gegnum Úkraínu, Hvíta-Rússland, Pólland, Ungverjaland, Slóvakíu, Tékkland og Þýskaland. Leiðslan kvíslast einnig út í nokkrar áttir, aðallega til Austur-Evrópu.

Druzhba-olíuleiðslan er stundum kölluð vináttuleiðslan enda þýðir orðið druzhba vinátta. Heitið vísar í þá staðreynd að leiðslan veitir olíu til bandamanna Rússa í vesturhluta Sovétríkjanna sálugu og Evrópu.

Leiðslan var reist á sjöunda áratugnum. Rörin í leiðslunni voru framleidd í Sovétríkjunum og Póllandi og tengihlutir í Tékklandi. Dæurnar voru búnar til í Austur-Þýskalandi og Ungverjar sáu um samskiptatækni. Smíðin kostaði nærri 400 milljónir rúbla. Nærri 730 þúsund tonn af rörum voru lögð í leiðsluna. Olíuleiðslan getur flutt 1,2-1,4 milljónir tunna af olíu daglega.

Uppi eru áætlanir um að lengja leiðsluna enn frekar, hugsanlega til þýsku borgarinnar Wilhelmshaven. Þá er einnig mögulegt að hún verði lögð að Adríahafi í gegnum Ungverjaland og Króatíu.

VANDRÆÐI AF VATNINU

Vatnstjón verða hér á landi á hverju ári fyrir hundruð milljóna. Þótt margir séu tryggðir fyrir slíkum tjónum fylgja þeim oft mikil vandræði. Forvarnir eru því mikilvægar til að fyrirbyggja vatnstjón.

Ganga þarf sérstaklega vel frá slöngum og lögnum að og frá þvottavélum og uppþvottavélum og gæta þess að slöngur séu ekki trosnaðar eða skemmdar.


Þegar farið er í frí er gott að loka fyrir vatn að uppþvotta- og þvottavélum.

Halda þarf vatnslásam og niðurföllum hreinum til að koma í veg fyrir stíflu.

Hitalagnir þarf að verja fyrir utanaðkomandi raka til að forðast tæringu sem er algeng orsök vatnstjóns á heimilum.

Gott er að mynda lagnir á um það bil fimmtán til tuttugu ára fresti til að fylgjast með ástandi og koma í veg fyrir tjón vegna leka eða stíflu.

Endurnýja þarf pakningar og síur reglulega, ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.



EKKERT Á AÐ HINDRA HITANN FRÁ OFNINUM

Mjög kalt hefur verið undanfarið og þá er gott að koma heim í hlýjuna. Það er hins vegar ekkert skemmtilegt að koma inn á kalt heimili. Ef ofnar hitna ekki getur loft hafa komist inn á hitakerfið og myndast þá lofttappi í kerfinu. Þá þarf að tæma loftið með því að losa um þar til gerða skrúfu á hverjum ofni. Nota þarf sérstakan ofnlykil til að losa þessa loftskrúfu. Ef ofnkraninn bilar hitnar ofninn ekki. Þá þarf að kalla til fagmann sem gengur úr skugga um hvort kraninn sé ónýtur eða hvort hægt sé að gera við hann. Til að halda hita í íbúðinni þarf að raða húsgögnum á réttan hátt. Húsgögn eiga ekki að standa fyrir framan ofna né heldur síð gluggatjöld. Það hindrar að hitinn leiki um herbergið. Hins vegar geta bókahillur eða stórir skápar sem standa við útvegg virkað eins og góð einangrun.



Áttu von á góðu?

...þú verður að vera viss!



Varmaskiptakerfi

Hitun á neysluvatni - Kæling á neysluvatni - Öruggt neysluvatn



GRUNDFOS
BEG THINK & INNOVATE

Danfoss

TA HYDRONICS

ALFA LOM

IOI
ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is